Fundargerð 9. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Staðfundur í Húsi verslunarinnar, 3. mars 2026 kl. 10-14

Mættir: Halldór Kolbeins, Þór Bínó Friðriksson, Jón Páll Baldvinsson, Soffía Sóley Helgadóttir (fjar), Bryndís Kristjánsdóttir og Aðalheiður Rán Þrastardóttir.

Næsti fundur: 14. apríl kl. 10-14.

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Halldór stýrir fundi. Fundur settur kl. 10:06. Skv. reglum deildar skal afboða sig á fund með a.m.k. 12 klst. fyrirvara. Ef fundur er að morgni er þó gott að hafa í huga að gera það fyrr, sé það fyrirsjáanlegt, svo hægt sé að kalla til varamenn ef þarf.

Fundargerð 8. fundar

Engar athugasemdir, send til undirritunar.

Verkefni, staðan

Alþjóðaleiðsögumannadagurinn. Leiðsögufólk fékkst ekki í verkefnið þegar á reyndi. Velt því upp hvað þarf til, meiri fyrirvara, betri undirbúning eða er mögulega ekki áhugi á verkefninu. Er vilji til að vera t.d. með bás á ferðaþjónustudögum þar sem opið er fyrir almenningi og starf leiðsögufólks er kynnt?

Orðið gefið laust. Mögulega eigum við að einbeita okkur á okkur sjálf næstu 2-3 árin. Við gætum verið sýnileg á þessum degi á kaffistofum sem eru vel setnar leiðsögufólk, t.d. Gullfoss og Geysi. Við þurfum að efla hópeflið, stéttarfélagsvitund, draga fólkið saman. Okkur vantar snertingu við félagsfólkið, hvað þýðir það að vera félagi. Mögulega að dreifa bæklingum á kaffistofurnar. Snertingin við félagsfólk var gjarnan í gegnum tölvupóst og vilji er til að auka það.

Heimsóknir í fyrirtæki. Formaður og varaformaður hittu forstjóra fyrirtækis með margt leiðsögufólk. Góður fundur þar sem ýmist var rætt varðandi ábendingar sem borist höfðu. Brýnt að kynna starfsfólki breytingar betur til að minnka óánægju. Einnig er gott ef mannauðsstjóri lætur félagið vita af stórum breytingum, bæði til að gæta þess að rétt verði gert en einnig svo félagið eigi auðveldara með að bregðast við þegar/ef leitað sé til þess. Haft verður samband til forsvarsmenn annarra fyrirtækja einnig.

SA og SAF. Formaður og varaformaður hafa verið í samskiptum við SA. Vilji er fyrir samstarfi ef tillögur eru settar upp til minnkunar á gerviverktöku. Ábendingum varðandi fyrirtæki í SAF skilað til þeirra.

Verktakar eru að fá jafnaðarkaup greitt auk verktakaálags. Kaupið er of lágt að því leyti að verktakinn getur ekki greitt sjálfum sér laun m.v. lágmarkslaun kjarasamnings. Sala á ferðum, s.s. Gullhringnum,

hefur ekki hækkað síðan árum fyrir covid. Greiðslur til verktaka voru í lagi fyrir covid en hafa ekki tekið hækkunum.

Raunfærnimat. Starfskraftur deildar fer yfir það sem hefur gerst hingað til. Hæfnigreining hafði verið gerð en næsta verkefni var að útbúa matslista. Þann kostnað ber ríkið almennt en þar sem námið er á fjórða þrepi (umfram stúdentspróf) greiðir ríkið ekki þann kostnað. Þar sem leiðsögufólk er nú komið í VR getur starfsmenntasjóður sem VR sækir í, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS), styrkt verkefnið og var samþykkt af sjóðnum að það yrði gert. Er því vinna hafin við gerð matslista. Haft var samband við Mími um framkvæmd matsins og Kristín Þráinsdóttir, fagstýra Leiðsöguskólans í MK, hefur farið á matsnámskeið og er tilbúin að vera ein af matsaðilum í matinu. Næsta skref er að útbúa stýrihóp sem samsettur er af aðilum úr atvinnulífinu, s.s. SA, leiðsögufólki og fólki úr skóla. Formaður kallar eftir hugmyndum frá stjórnarfólki í tölvupósti.

Stjórn þakkar fyrir góð vinnubrögð og hve hratt þetta hefur unnist.

Öryggisnefnd. Hugmynd af erindisbréfi varðandi öryggisnefnd var kynnt af varaformanni. Það er komið í stjórnargátt og bent á að senda almennt tölvupóst þegar gögnum er bætt í gáttina.

Hugmyndin er að í nefndinni sitji einn frá stjórn en fyrir góða yfirsýn þarf einn frá hverjum geira þar sem kröfur eru mismunandi, s.s. kafarar, ökuleiðsögn, hvalabátar, fjallaleiðsögn, ævintýraleiðsögn o.s.frv. Nefndin vinnur í umboði stjórnar, stjórnin tekur svo ábendingarnar áfram og vinnur í því. Skilgreiningar á störfum leiðsögufólks vantar og hætta þarf að alhæfa um einn leiðsögumann með leiðsögumenntun, einnig t.d. fjallaleiðsögn. Að hverju þarf að beina sjónum varðandi öryggi leiðsögufólks og gest

Lagt er til að stjórnarfólk fari yfir erindisbréfið fyrir næsta fund og komi þá með ábendingar. Ánægja með þá vinnu sem komin er fram.

Þjóðgarðurinn. Hefur verið í umræðu. Ekki eru til starfslýsingar fyrir leiðsögufólkið þar en gott væri ef hægt væri að útbúa starfshóp þar sem unnið er með Hæfnisetri fyrir starfslýsingar fyrir hellaleiðsögn, ísleiðsögn, fjallaleiðsögn o.s.frv. Hvaða hæfni þarf til vinnu í ákveðnum aðstæðum? Gott ef þetta ætti við allt um landið en ekki einungis í þjóðgörðum. Hæfnisetrið gott til stýringu þessa.

Stjórn beitir sér fyrir því að starfslýsingar fyrir þessi störf séu gerðar.

Plastskírteinin

Afhending plastskírteina. Starfskraftur deildar fer yfir plastkortin. Á janúarfundi var beðið var um línu fyrir gælunafn ásamt nýjum lit eða stærra ártali. Gælunafn og nýr litur varð fyrir valinu og er nú hægt að sækja um kortið.

Umræða um hvort hægt sé að bæta „certified“ við í stað gælunafns eins og hefur áður verið. Niðurstaðan sú að þar sem það hafði ekki verið rætt áður verði það umræða fyrir næsta ár. Þá einnig hvort einungis sé verið að tala um ,,certified“ fyrir þau sem hafa klárað leiðsögunám eða einnig annað nám tengt leiðsögn, s.s. jökla. Tökum mið af því hvernig gengur þetta árið og ábendingum er kunna að koma. Á næsta fundi verður ákveðið hver mun taka það að sér að skoða þetta fyrir skírteini 2027 en lagt er til að Bryndís sé í þeirri nefnd. Einnig þarf þá upplýsingar um hvernig framkvæmdin getur verið varðandi skrifstofu.

Könnun

Starfskraftur deildar fer yfir uppkast af könnun sem send verður félögum næsta haust. Uppfært uppkast verður sent stjórnarfólki fljótlega.

Félagsfundir

Lagt til að árlega verði haldinn félagsfundur í apríl/maí þar sem stjórn getur farið yfir ákveðin málefni sem hafa verið á döfinni. Stefnt á að fundurinn í ár verði 15. apríl. Fundarfólki líst vel á það og bent er á að gott sé að auglýsa með góðum fyrirvara sökum eðli starfs leiðsögufólks. Gott að gæta þess að hafa um 30-40 mínútur í umræðu í lok fundar. Sjáum fyrir okkur að á fundinum í ár verði ASÍ skýrslan skoðuð ásamt gerviverktöku.

Varðandi mögulega rútuferð til Grindavíkur þá er bent á að VR sjái ekki um þess háttar fræðslu heldur þyrfti það að vera á vegum stjórnar. Kanna þó hvort VR myndi greiða fyrir fræðsluaðilann sem kæmi með. Þór er tilbúinn á hliðarlínunni í þetta verkefni og bent á Örvar og Pétur með.

Birtingar á FB síðu

Vilji er til þess að móta betur hvað sett sé inn á FB hóp deildarinnar. Fram kom fyrirspurn til félagins um hvort það gæti vakið athygli á síðu sem mögulega nýtist leiðsögufólki. Við þurfum að móta okkur stefnu um hvað við viljum hafa á síðunni, til dæmis hvað auglýsingar varðar. Gerð voru drög um reglur sem gott væri að hafa í huga þegar við fáum fyrirspurnir sem þessar og stjórnarfólk beðið að skoða plaggið á stjórnaraðgangi. Ekki er vilji fyrir mikilli ritstýringu né heldur almennum atvinnuauglýsingum en málið verður tekið betur fyrir á næsta fundi.

ASÍ skýrslan

Farið var yfir ýmis málefni er komu út úr vinnustaðaeftirliti sumarið 2025. Mikið var um verktöku í greininni sem bar merki um gerviverktöku þar sem laun eru lægri en kveðið er á um í kjarasamningi. Bent er á samninginn sem er í gildi varðandi fararstjóra frá Kína.

Fulltrúi SA sagði í útvarpsviðtali að leiðsögufólk kjósi sjálft að vera í verktöku. Leiðsögufólk hefur treyst því að sú upphæð er fyrirtæki greiðir fyrir verktöku sé rétt. Mögulega þarf að benda fólki á að hægt sé að ráða sig í tímabundið starf eða ferðaráðningu. Verktakan er ekki endilega slæm ef rétt er staðið að en svo virðist sem verið sé að greiða lágt eftir covid.

Hefði mátt beina meiri sjónum á að 10% fyrirtækjanna (42 fyrirtæki) séu ekki skráð í fyrirtækjaskrá. Þar sé um fyrirtæki að ræða sem skila ekki greiðslum til landsins. Aðalniðurstaða skýrslunnar er talin að (gervi-)verktaka sé algeng en stjórnarmanni þykir það ekki endilega aðalniðurstaðan. Merkilegt t.d. að hér á landi starfi kínverskir farastjórar við leiðsögn án atvinnuleyfis. ASÍ ræddi við utanríkisráðuneytið

um þetta. Í skýrslunni stendur að sameiginlegt eftirlit sé forsenda árangurs en ekki endilega talið að farið verði í eins eftirlit í sumar, það teljist áhugavert.

Erum á móti verktöku sem er gagngerð til þess að greiða leiðsögufólki lægri laun en launafólki og þurfum að koma okkar upplifun á framfæri.

Stjórnarmaður bendir á að gott hefði verið að fá skýrsluna áður en hún var birt opinberlega, sérstaklega í ljósi þess að Leiðsögn átti í raun upphafið af því að farið hafi verið í átakið. Ýmsar spurningar hafa vaknað við lestur skýrslunnar s.s. um hve margt leiðsögufólk kom utan Evrópu, hvað sé gert varðandi Kínverjana sem leiðsegja hér en mega einungis vera sem fararstjórar, hvaða 42 fyrirtæki eru þetta – eru þau erlend eða íslensk, eru þau á skrá hjá Ferðamálastofu, er meira um kjaramál á þessi fyrirtæki? Hvað sé hægt að gera til að bæta það sem telst ábótavant? Hver eru viðurlög þess að vera ekki með leyfi hjá Ferðamálastofu? Á fundi með Ferðamálastofu kom í ljós að stofnunin taldi eðlilegast að það væri í verkahring leiðsögufólks að kanna leyfi fyrirtækjanna og hafna starfi hjá þeim.

Þetta þarf að skoða betur og mögulega í samstarfi við SA/SAF. Skoða að fá einhvern utanaðkomandi til ráðgjafar. Jákvætt þó að farið hafi verið í eftirlitið og skýrslan gefin út. Lögreglan hefur mögulega fengið betri innsýn í málefnið því svo virðist sem hún hagi sér öðruvísi eftir það. Gott að hafa aukafund um þetta, viljum við mögulega Ferðamálastofa, lögregluna og vinnustaðaeftirlitið með á þann fund? Formaður kannar hvaða dagar hentar og boðar svo aðila á fund. Við þurfum að sjá fyrir okkur hvert endanlegt markmiðið er og hvernig skal komast þangað. Óskum jafnframt eftir að farið sé í eftirlit sem þetta a.m.k. einu sinni á ári.

Önnur mál

Formaður telur mikilvægt að hafa fund fyrir austan, hugsanlega með formanni VR. Um opinn fund væri að ræða með þeim sem starfa í ferðaþjónustunni. Setið hefur verið fyrir formanni deildar fyrir austan þar sem hann var spurður alls konar spurninga en enginn trúnaðarmaður er á svæðinu. Formaður mun ræða það við formann VR. Væri einnig gott ef formaður og starfsmaður myndu eyða einum kafitíma á Geysi og Vík.

Við höfum hitt forsvarsmann síðu sem tengir saman leiðsögufólk og ferðaþjónustufyrirtæki. Vilji er hjá fyrirtækinu til að bjóða VR félögum 10% afslátt af aðgangsgjöldum. Spurningin er hvort við viljum kynna t.d. síður sem þessar á FB en best er að móta reglur um FB hóp og taka ákvörðun út frá þeim.

Skoða útgáfu nýs bæklings fyrir sumarið? Meiri upplýsingar um félagið sjálft ekki bara kjaramál.

Væri hægt að setja QR kóða aftan á skírteinin sem beinir fólki beint á síðu leiðsögufólks á vr.is?

Virðist vera átak í gangi í Noregi þar sem hart er tekið á leiðsögufólki sem er ólöglegt í landinu. VR skoðar hvað er gert þar, s.s. hver viðurlögin eru.

Stjórnarfólk sammála því að skólarnir fái skjöldinn fyrir útskriftir í vor og úthluti honum þar.

Dómur var að falla þar sem Jói í Out var gerður persónulega ábyrgur fyrir skuldum fyrirtækisins. Hann vinnur sama leikinn aftur og aftur og niðurstaða dóms því þessi. Búist við að hann fari í kjölfarið í persónulegt gjaldþrot og að sá sem hefur rekið málið fái í raun ekkert fyrir.

Næsti fundur 14. apríl kl. 10 – Bryndís boðar forföll.

Formaður slítur fundi kl. 14:13.